MIÐFLOKKURINN

Bæjarráð Kópavogs

10. nóvember 2026

Tillaga um takmörkun hækkunar á heimild til sérfræðiþjónustu

Bæjarráð samþykkir að við gerð fjárhagsáætlunar 2027 fyrir seinni umræðu verði heimild A-hluta til aðkeyptrar sérfræðiþjónustu (bókhaldslykill 4321) takmörkuð við áætlaða notkun ársins 2026 að viðbættum 5%.

Miðað við bókanir fyrstu sjö mánuði ársins 2026 verði heimildin um 318 m.kr. í stað 373 m.kr. í frumvarpinu. Heimildinni verði skipt á deildir í samræmi við notkun þeirra.

Greinargerð

Heimild A-hluta til aðkeyptrar sérfræðiþjónustu hækkar úr 341 m.kr. árið 2026 í 373 m.kr. í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2027, eða um 9%. Fyrstu sjö mánuði ársins 2026 voru bókaðar 176 m.kr., sem svarar til um 302 m.kr. á heilu ári. Heimildin er því ekki fullnýtt í ár en hækkar samt.

Mest er heimildin í upplýsingatæknideild (144 m.kr.) og á skrifstofu umhverfissviðs (68 m.kr.). Í greiningardeild, frumathugun og hönnun og stoðþjónustu fatlaðra eru heimildir samtals 55 m.kr. árið 2027, en þar voru notaðar 0,3 m.kr. fyrstu sjö mánuði ársins 2026.

Með tillögunni fylgir heimildin raunverulegri notkun og getur hækkað um 5% milli ára.

Fjárhagsleg áhrif

Rekstrarkostnaður lækkar um 55 m.kr. á ári miðað við frumvarpið.

Einar Jóhannes Guðnason
Bæjarfulltrúi Miðflokksins

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026